

Agnars minningaord til far sin. Morgunbladid 26.09.1997.

## KRISTIAN BREIÐ- FJÖRÐ JACOBSEN

- Kristian Breið- fjörð Jacobsen var fæddur í Koper- vik í Noregi 5. nóv- ember 1916. Hann lést í Telemark Sentral Sykehus 29. ágúst síðastliðinn. Faðir hans var Hans Eberg Jacobs- en, sjómaður, f. 13.7. 1880, d. 17.1.
- Móðir hans var Maria fædd Kristjánsdóttir, Jacobsen, ljósmóðir frá Otradal á Barðaströnd, f. 3.9. 1887, d. 11.11. 1975. Systini hans: Eberg, látinn, Anna, látin, Lilly, býr í Araldsnes, Elsa, býr í Savelandsvik, Sigrið, býr í Nodedden, Jacob, býr í Sta- vanger, og Ólíne, býr í Raude- berg, öll í Noregi. Kristian flutti til Reykjavík- ur með móður sinni og systkin- um 1929, en þau fluttu til Nor- egs aftur tíu árum síðar, að honum undanskildum. Eftir ferming<sup>u</sup> réðst hann sem vinnumaður að Hóli í Hvamms- sveit þar til hann var kvaddur til herþjónustu 1942. Meðan hann dvaldi á Íslandi eigþið hann með Hildi Hall- dórsdóttur, f. 1.1. 1915, tvö börn: 1) Agnar Breiðfjörð Krist- jánsson, f. 7.8.1939, kona hans Guðrún Þóranna Ingólfs- dóttir, f. 15.5. 1955. Agnar á tvo syni, Kristján, f. 11.11. 1960, hann býr í Svíþjóð, og Birgi Breiðfjörð, f. 8.3. 1973, hann átti þrjú börn, Alexöndru Ósk, Eðvarð Geir og Vigni Má, sem er látinn. Hann býr í Reykjavík, og 2) Maríu Kristjánsdóttur, f. 22.9.
- 
- desember 1947 kvæntist hann eftirlifandi konu sinni, Sigyn F. Bardal Jacobsen, f. 1.3. 1924, þau eru barnlaus. Eftir að herþjónustu lauk stundaði hann ásamt konu sinni sjálfstæðan atvinnurekstur í nokkur ár, en þá brann fyrir- tækið og heimili þeirra til kaldra kola og stóðu þau uppi allslaus. Eftir það starfaði hann hjá Norsk Hydro og fékk margskonar viðurkenningar frá því fyrirtæki fyrir störf sín. Útför hans fór fram frá Heraya kirkju 3. september sl. á 110. fæðingarafmæli móður hans. Elsku hjartans pabbi minn. Það er erfitt að sætta sig við að þú skulir vera farinn af okkar tilveru- stigi aðeins nokkrum dögum eftir að við ferðuðumst um hálfan Noreg og hittum alla ættingjana. Þá rétti gleði og hamingja og þú fékkst að hitta systkini þín sem þú hafðir ekki séð jafnvel í mörg ár. Heimsstyrjöldin skildi okkur að þegar ég var þriggja ára gamall, eftir það áttum við aðeins 40 daga samveru, en á þessum fjörutíu dög- um gafst þú mér alla þá ást og umhyggju sem ég hafði þráð alla ævi. Meðan við Guðrún dvöldum hjá þér og Sigyn, þinni yndislegu konu, var eins og þjóðhöfðingjar væru á ferð, ykkur fannst að ekkert væri nógu gott og öllu var fórnað fyrir okkur, þannig að okkur liði sem best, svo var einnig hvar sem við komum til ættingjanna í Noregi. Þú sýndir mér æskustöðvarnar þínar í Kopervik, þar sem amma ól ykkur átta systkinin upp, að mestu ein, því afí var alltaf á sjón- um, ásamt því að ala upp þennan stóra barnahóp tók hún sem ljós- móðir á móti fjögur þúsund tuttugu og fimm börnum á sinni starfsævi, sem segir okkur að snemma hefur ábyrgð heimilisins lent á herðum ykkar systkinanna. Hjarta mitt fyllist gleði í hvert sinn er ég hugsa til þeirra stunda er við ræddum fortíðina og þú sagð- ir mér, að í hvert sinn er þú lagð- ist til svefns hefðu orð þín í hugan- um verið: „Góða nótt, elsku Agnar minn, og Guð varðveiti þig.“ Ég veit að svo er einnig nú, á því tilverustigi sem þú dvelur nú á. Ég veit einnig, að þegar kallið mitt kemur, tekur þú á móti mér kvikur og teinréttur með glettnis- Iega brosið þitt og blik í augum og útbreiddan þinn stóra, hlýja, trausta faðm. Elsku Sigyn mín, ég veit að ævikvöldið þitt verður einmanalegt; þú varst prinsessan hans, eins og Guðrún kona mín var litla lambið hans, eins og þið kölluð hana. Þið voruð farin að hlakka svo mikið til þess að halda upp á gull- brúðkaupsafmælið ykkar, 31. des- ember, því pabbi sagði við okkur: „Þetta hafa verið yndisleg fimmtíu ár“. Elsku Sigyn mín, það hryggir okkur Guðrúnu að geta ekki verið hjá þér á þessum erfíðu sorgar- stundum, en

við biðjum og hugsum til þín og vonandi getum við fljótt komið til þín aftur. En við vitum að Guð ber græðandi smyrsl á sár- in. Elsku pabbi minn, það var svo óendanlega margt sem ég átti eftir að ræða við þig, en ég veit að nú þarf ég ekki að segja það, því nú getur þú lesið allar mínar hugsan- ir. Það að fá að hitta þig og eiga þennan tíma saman gefur mér styrk til að reyna að vera betri og meiri maður en ég hef verið, því ég veit að nú ert þú alltaf mér nálægur. Að lokum vil ég þakka Petter Tafjord, Eiði Guðnasyni sendiherra og Óskari og Immu á Hjálpræðis- henum fyrir ómetanlega aðstoð til að við næðum saman. Einnig Ellnu í norska sendiráðinu svo og Leifi Mýrdal fyrir hjálpina á þessum sorgarstundum. Elsku pabbi minn, ég hef verið beðinn um að flytja þér sérstakar kveðjur frá þeim settingjum sem ég hef náð til hér á Íslandi. Einnig sérstök kveðja frá Petter og Maríu systur minni. Guðrún og Ingólfur þakka einstaka hlýju og ástúð svo og Kristján í Svíþjóð. Elsku pabbi minn, friður Guðs sé með þér, og bænir frá okkur. Þinn elskandi sonur, Agnar Breiðfjörð Kristjánsson og fjölskylda.